

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2022, fimmtudaginn 15. september, var haldinn 45. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.08. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Hanna Björk Kristinsdóttir, Ingólfur Már Magnússon, Björgvin Björgvinsson, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Áslaug Inga Kristinsdóttir og Þorkell Sigurlaugsson. Eftirtaldir fulltrúar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Rúnar Björn Herrera Þorkelsson og Hlynur Þór Agnarsson. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir, Guðný Bára Jónsdóttir, Þórdís Linda Guðmundsdóttir, Bryndís Snæbjörnsdóttir, og Valgerður Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning Auðkennis á rafrænum skilríkjum. MSS22090069
Haraldur Björnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer kynning á stöðu lausna á rafrænum aðgengismálum velferðarsviðs. MSS22090070
Magnús Bergur Magnússon tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lögð fram umsögn aðgengis- og samráðsnefndar dags. 1. september 2022, um tillögu fjármála- og áhættustýringasviðs um að hætta að prenta út og senda greiðsluseðla á pappír. FAS22080009
Samþykkt.
4. Fram fer kynning á gæðastýringu og algildri hönnun á vef Reykjavíkur. MSS22090071
Ólafur Sólímenn Helgason tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 1. september 2022, þar sem óskað er umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar um tillögu fulltrúa Flokks fólksins í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði um aðgengismál fatlaðs fólks. MSS22060242
Samþykkt að formaður aðgengis- og samráðsnefndar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu geri drög að umsögn sem verður lögð fram á næsta fundi nefndarinnar.
6. Fram fer kynning á Stafrænu Íslandi. MSS22090078

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd þakkar fyrir kynningarnar á stafrænni þjónustu. Nefndin telur mikilvægt að unnar verði úrbætur sem gera fötlugu fólki kleift að nálgast sín persónulegu gögn á borð við upplýsingar í Heilsuveru, netbanka, mínum síðum Reykjavíkurborgar og Tryggingastofnunar og fleiri stöðum. Aðgengis- og samráðsnefnd ítrekar að mikilvægt sé að leita lausnar á stafrænum aðgengishindrunum sem fyrst því þær eru brot á fullgildum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fatlað fólk er jaðarsettur hópur sem verður enn jaðarsettari í sífelld stafrænna samfélagi og sú þróun er með öllu óásættanleg.

Hrefna Lind Ásgeirsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 11:57

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Þorkell Sigurlaugsson
Áslaug Inga Kristinsdóttir
Ingólfur Már Magnússon

Hanna Björk Kristinsdóttir
Unnur Þöll Benediktsdóttir
Björgvin Björgvinsson